



Þingskjal 64/2023 153. Löggjafarþing 2022-2023

### Umsögn Kjósarhrepps um drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps leggst eindregið gegn drögum að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem nú liggja í samráðgátt.

Verði drögin samþykkt óbreytt þá munu framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Kjósarhrepps nánast þurrkast út. Sveitarfélagið er fámennt og dreifbýlt en þarf þó að veita sambærilega þjónustu við sína íbúa og stærri sveitarfélög sem og að vinna þau verkefni sem hið opinbera leggur þeim á herðar í síauknum mæli.

Dreifbýli fylgir aukinn kostnaður sem taka þarf tillit til, svo sem við snjómokstur og sorphirðu. Verði þetta frumvarp að lögum er ljóst að sveitarfélagið neyðist til að draga úr þjónustu við íbúa og er vandséð hvernig því yrði komið við. Lækkunin til Kjósarhrepps stafar að mestu leyti af niðurfellingu fasteignaskattsframlags.

Jöfnunarsjóður á ekki að vera verkfæri til að þvinga til sameiningar sveitarfélaga, sameiningar sem farið er í vegna fjárhagsvandráða eru síður líklegar til að ganga vel en þær sem farið er í vegna þátta sem snúa að bættri þjónustu og greinilegra sameiginlegra hagsmuna.

Kjósarhreppur leggst alfarið gegn tillögu innviðaráðherra um endurskoðun regluverks á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eins og hún liggur fyrir í Samráðsgátt stjórnvalda og telur þörf á að hún þurfi að breytast í grundvallaratriðum áður en hún verður lögð fram. Sveitarstjórn gerir jafnframt athugasemd við stuttan frest til umsagnar í svo veigamiklu máli sem þessi breyting er.

Kjósarhreppur 30. mars 2023

  
Þorbjörg Gísladóttir  
Sveitarstjóri Kjósarhrepps

